

Bæjarráð - FW: Bæjarstjórn - 410 - Úrsögn úr BsVest

Til : Hjördís Práinsdóttir
Frá : Gísli Halldór Halldórsson
CC : Þórdís Sif Sigurðardóttir
Heiti : Bæjarráð - FW: Bæjarstjórn - 410 - Úrsögn úr BsVest
Málsnúmer : 2016100073
Málsaðili : Byggðasamlag Vestfjarða um mál
Skráð dags : 22.12.2017 09:44:30
Höfundur : Gísli Halldór Halldórsson

Viðhengi [image002.jpgimage002.jpg](#)
[image001.pngimage001.png](#)

From: Andrea K. Jónsdóttir [mailto:andrea@strandabyggd.is]

Sent: 22. desember 2017 09:36

To: Gísli Halldór Halldórsson

Cc: Verkefnastjóri BS Vest ; 'Aðalsteinn Óskarsson (adalsteinn@vestfiridir.is)' ; Ásthildur Sturludóttir ; Indriði Indriðason, Tálknafjarðarhr ; 'Ingibjörg Birna Erlingsdóttir' ; Eva Sigurbjörnsdóttir (arneshreppur@arneshreppur.is) ; petur@sudavik.is; Finnur Ólafsson - Kaldrananeshreppur ; Jón Páll Hreinsson

Subject: RE: Bæjarstjórn - 410

Sæll Gísli.

Erindi þitt er móttekið og mun það fara inn á dagskrá næsta aðalfundar BsVest.

Með góðri kveðju,

Andrea Kristín Jónsdóttir

Sveitarstjóri Strandabyggðar

Skrifstofa Strandabyggðar


Höfðagötu 3

510 Hólmavík

Sími: 451-3510 / 7736607

sveitarstjori@strandabyggd.is

www.strandabyggd.is



Allar upplýsingarnar sem fram koma í þessum tölvupósti eru trúnaðarmál og kunna að falla undir ákvæði um þagnarskyldu. Þær eru eingöngu ætlaðar skráðum viðtakanda eða viðtakendum. Öllum öðrum er óheimill aðgangur að þessum tölvupósti. Ef þú ert ekki sá aðili sem tölvupósturinn er ætlaður er þér óheimilt að upplýsa um hann, afrita hann, dreifa honum eða framkvæma einhverjar aðgerðir eða láta vera að framkvæma einhverjar aðgerðir á grundvelli hans og slíkt kann að vera ólöglegt.

The information in this email is confidential and may be legally privileged. It is intended solely for the addressee. Access to this email by anyone else is unauthorized. If you are not the intended recipient, any disclosure, copying, distribution or any action taken or omitted to be taken in reliance on it, is prohibited and may be unlawful.

From: Gísli Halldór Halldórsson [mailto:gisli@isafjordur.is]

Sent: 21. desember 2017 17:46

To: Andrea K. Jónsdóttir <andrea@strandabyggd.is>

Cc: Verkefnastjóri BS Vest <verkefnastjori@bsvest.is>; 'Aðalsteinn Óskarsson (adalsteinn@vestfiridir.is)' <adalsteinn@vestfiridir.is>; Ásthildur Sturludóttir <baejarstjori@vesturbyggd.is>; Indriði Indriðason, Tálknafjarðarhr <sveitarstjori@talknafjordur.is>; 'Ingibjörg Birna Erlingsdóttir' <sveitarstjori@reykholar.is>; Eva Sigurbjörnsdóttir (arneshreppur@arneshreppur.is) <arneshreppur@arneshreppur.is>; petur@sudavik.is; Finnur Ólafsson - Kaldrananeshreppur <oddviti@drangnes.is>; Jón Páll Hreinsson <jonpall@bolungarvik.is>

Subject: Bæjarstjórn - 410

Kæri formaður Byggðasamlags Vestfjarða um málefnið fatlaðs fólks.

Hér með tilkynni ég úrsögn Ísafjarðarbæjar úr Byggðasamlagi Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks, með vísan í neðangreinda ályktun sem samþykkt var af bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar þann 14. desember 2017. Ísafjarðarbær óskar eftir að úrsögnin verði tekin á dagskrá næsta aðalfundar BS Vest.

Eins og fram kemur í ályktun þessari lýsir bæjarstjórn fullum vilja til áframhaldandi samstarfs með öðrum sveitarfélögum á Vestfjörðum um þennan málaflokk eftir að úrsögn Ísafjarðarbæjar tekur gildi. Fram til þess tíma að úrsögn tekur gildi óskar Ísafjarðarbær að sjálfsögðu einnig eftir góðu samstarfi við sveitarfélög á Vestfjörðum um málefni fatlaðs fólks, jafnt á vettvangi BS Vest sem annarsstaðar.

Það er vert að benda á að Ísafjarðarbær lagði í upphafi fram tillögu að tveimur möguleikum um framtíð samstarfs sveitarfélaga á Vestfjörðum um málefni fatlaðs fólks og snerist annar þeirra um að Ísafjarðarbær tæki að sér að vista BS Vest en hinn sneri að því að Ísafjarðarbær segði sig úr BS Vest. Í kjölfar fundar með öðrum sveitarfélögum þróaðist hugmyndin smám saman út í þá tillögu sem kynnt var á Patreksfirði í nóvember um Ísafjarðarbæ sem leiðandi sveitarfélag. Eins og samráðið á árinu 2017 og ályktun bæjarstjórnar gefa til kynna þá er Ísafjarðarbær opinn fyrir þeim hugmyndum sem samstarfssveitarfélögin hafa fram að færa og til viðræðna um alla góða kosti.

Þann 21. nóvember 2016 ályktaði bæjarráð Ísafjarðarbæjar:

Bæjarráð felur bæjarstjóra að ræða við framkvæmdastjóra Byggðasamlags Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks, um þann möguleika að Ísafjarðarbær taki yfir þjónustu við fatlað fólk í sveitarfélaginu af BS Vest.

Þann 16. janúar 2017 ályktaði bæjarráð Ísafjarðarbæjar:

Bæjarráð felur bæjarstjóra að kynna fyrir hinum sveitarfélögunum í BS Vest þær tillögur Ísafjarðarbæjar um þjónustu við fatlað fólk í framtíðinni sem kynnt er í minnisblaðinu.

Þann 4. maí 2017 ályktaði bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar:

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar felur bæjastjóra að leggja fram tillögu á næsta ársfundi Byggðasamlags Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks (BS Vest) um að aðildarsveitarfélög í Byggðasamlagi Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks hefji sameiginlega vinnu við að skoða breytt fyrirkomulag á rekstri málaflokksins á þjónustusvæði BS Vest og þá sérstaklega þann möguleika að Ísafjarðarbær verði leiðandi sveitarfélag, með svipuðum hætti og sveitarfélagið Skagafjörður er fyrir sjö sveitarfélög á Norðurlandi vestra. Markmið þessarar skoðunar væri að bæta nýtingu fjármuna og þjónustu við fatlað fólk á Vestfjörðum. Niðurstaða skoðunar liggi fyrir ekki síðar en fyrir árslok 2017.

Þann 18. september 2017 ályktaði bæjarráð Ísafjarðarbæjar:

Bæjarráð samþykkir tillögu Ísafjarðarbæjar og felur bæjarstjóra að senda upplýsingarnar til stjórnar Byggðasamlagsins.

Ályktun bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar frá 14. desember 2017:

2016100073 - Byggðasamlag Vestfjarða - þjónustusamningur og samstarfssamningur - endurskoðun

"Ísafjarðarbær segir sig hér með úr Byggðasamlagi um málefni fatlaðs fólks á Vestfjörðum (BsVest). Jafnframt óskar Ísafjarðarbær eftir áframhaldandi samstarfi við sveitarfélög á Vestfjörðum, utan BsVest, um málefni fatlaðs fólks þar sem horft verði til þess að ná enn betri árangri og þjónustu í þessum umfangsmikla málaflökki.

Frá árinu 2014 hefur farið fram umfangsmikil vinna af hálfu Ísafjarðarbæjar og eftir atvikum BsVest að bæta starf og umgjörð málaflökksins og auka árangur í rekstri og þjónustu. Þessari viðleitni hefur verið framhaldið af Ísafjarðarbæ síðastliðið ár, í samráði við önnur sveitarfélög í BsVest, með mótun tillögu um að Ísafjarðarbær gerist leiðandi sveitarfélag í málefnum fatlaðs fólks. Markmiðið með tillögunni var að búa til sterkari fagleg teymi, spara í stjórnunarkostnaði og þjónusta notendur betur fyrir sama fé.

Tillagan hefur verið kynnt öðrum sveitarfélögum og fengið töluverða umfjöllun, auk þess sem um hana var rætt á sérstöku málþingi fyrr í þessum mánuði. Það voru því töluverð vonbrigði fyrir Ísafjarðarbæ að önnur sveitarfélög á Vestfjörðum væru enn ekki tilbúin að fara þessa vegferð leiðandi sveitarfélags, ekki síst vegna þess ávinnings sem sú leið hefur í för með sér fyrir alla hlutaðeigandi aðila. Það er sannfæring bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar að málaflöknum verði betur fyrir komið með umræddu fyrirkomulagi og því er rétt að Ísafjarðarbær segi sig úr BsVest og undirbúi að taka rekstur málaflökksins að öllu leyti í eigin hendur.

Samkvæmt 12. grein samþykktar BsVest tekur úrsögn gildi þarnaestu áramót eftir að úrsögn hefur löglega borist. Túlka má 12. grein þannig að úrsögn þurfi að berast aðalfundi BsVest áður en hún telst hafa löglega borist og þannig er líklegt að Ísafjarðarbær verði áfram aðili að BsVest til a.m.k. ársloka 2019 ef ekki semst um annað milli aðildarsveitarfélaganna."

Jónas Þór Birgisson, Kristín Hálfhánsdóttir og Daníel Jakobsson, bæjarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins í bæjarstjórn, leggja fram eftirfarandi bókun:

"Undirritaðir bæjarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins hafa verið talsmenn þess, allt frá stofnun Byggðasamlags um málefni fatlaðs fólks, að rétt sé að endurskoða fyrirkomulag þjónustu við fatlað fólk á Vestfjörðum. Að okkar mati er stjórnunin óskilvirk og boðleiðir eru of langar. Jafnframt fer of mikið af fjármunum í stjórnun sem nýta mætti þjónustuþegum til bóta.

Undirrituð geta hinsvegar ekki stutt þá vegferð sem fulltrúar Í- og B-lista ætla í með að hótta úrsögn úr umræddu Byggðasamlagi. Því umrædd tillaga er ekkert annað en hótun enda segir í minnisblaði bæjarstjóra, með leyfi forseta.

Gera má ráð fyrir að ætli Ísafjarðarbær að sjá um þessa þjónustu einn og sér muni umfang hennar minnka um þriðjung frá því sem nú er. Það mun því án efa hafa bæði áhrif á fjölda starfa sem sinna þessari þjónustu í Ísafjarðarbæ. Bæði í ráðgjöf og þjónustu. Það gæti leitt til þess að ekki verði hægt að veita jafn góða þjónustu og nú er gert. Ekkert liggur heldur fyrir um fjárhagslegar forsendur þessarar ákvörðunar. Hér er því verið að taka ákvörðun á mjög veikum forsendum.

Það fylgir því ábyrgð að vera stærsta sveitarfélagið á Vestfjörðum og eitt þeirra verkefna sem stærri sveitarfélög eiga að taka að sér er að leiða verkefni innan Vestfjarða öllum íbúum svæðisins til heilla. Það er ekki hægt að leiða verkefni án þess að njóta trausts. Úrsögn úr þessu stærsta samstarfsverkefni sveitarfélaga á Vestfjörðum er til þess fallið að rýra traust okkar meðal annarra sveitarfélaga okkar. Við hvetjum meirihluta Ísafjarðarbæjar og fulltrúa B lista til að leggja tillögu um úrsögn úr BsVest til hliðar og verða hið leiðandi sveitarfélag með því að öðlast traust og vinna málinu framgangs með samræðum og samstarfi. Það er ekki þess virði að ná sínum sjónarmiðum fram með hótunum og yfiringangangum."

Forseti ber breytingar tillöguna upp til atkvæða.

Tillagan samþykkt 6-3.

Jónas Þór Birgisson, Kristín Hálfhánsdóttir og Daníel Jakobsson greiddu atkvæði á móti tillögunni.

Gísli H. Halldórsson

Bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar

Ísafjarðarbær, Stjórnsýsluhúsinu, Pósthólf 56, 400 Ísafjörður.

Sími: 450 8000, Fax: 450 8008, Netfang: gisli@isafjordur.is - Vefur: www.isafjordur.is

Ísafjarðarbær er Flateyri, Hnífsdalur, Ísafjörður, Suðureyri & Þingeyri – auk þess blómleg býli, strandsvæði og ósnortin víðerni.



The Westfjords - one of Iceland's most spectacular regions - *Lonely Planet*